

**Mál nr. 12/2011****M****og****Líftryggingafélagið X v/sjúkratryggingar****Ágreiningur um hvort tilkynningafrestur skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 12.01. 2011.
- 2) Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.01. 2011.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M hafði fengið greidda sjúkradagpeninga úr viðkomandi váttryggingu fyrir tímabilið 01.08. 2007 til 28.02. 2008 á grundvelli læknisvottorða. Bætur voru greiddar fyrir ofangreint tímabil þann 31.03. 2008. Í janúar 2010 kom M fram með kröfu um frekari greiðslu sjúkradagpeninga og lagði fram bréf vegna þessa, dags. 29.12. 2009 og vottorð um óvinnufærni, dags. 04.03. 2008. Vottorðið hafði ekki áður verið lagt fram í málinu að sögn váttryggingafélagsins.

Váttryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. Félagið telur ljóst að krafa M hafi borist félaginu síðar en ári eftir að M mátti vita um þau atvik sem bótakrafan er reist á. Félagið telur að um nýja kröfu um greiðslu bóta úr sjúkradagpeningatryggingu sé að ræða og því sé ársfrestur skv. nefndri 124. gr. liðinn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann er ósammála félaginu, hann telur ljóst að verið “er að fara fram á fullnaðaruppgjör bóta og varðar matið því kröfu bótaþegans á uppgjöri greiðslu bóta og ekkert annað.” Ekki sé um “nýtt bótamál að ræða.” Hann kveðst hafa “af tilviljun” séð nýverið að honum höfðu einingis verið greiddar bætur vegna tímabils út febrúar 2008 en veikindi hans hefðu varað út maímánuð. Hann “veit ekki hvernig stendur á því að þetta fór fram hjá” honum en hann kveðst vera “viss um að öll vottorð” hafi verið send félaginu vegna málsins.

**Álit**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er fallist á þá afstöðu váttryggingafélagsins í þessu sérstaka máli að um nýja kröfu um greiðslu bóta sé að ræða og að ársfrestur skv. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga hafi verið liðinn er krafan var sett fram í janúar 2010.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

---

Rúnar Guðmundsson hdl.

---

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.